



Fundargerð

57. fundur Lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
9. apríl 2025, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sat fundinn Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerðina.

* * *

1. ART þjálfun í Holtaskóla (2025030472)

Sigurbjörg Jónsdóttir og Jenný Magnúsdóttir frá Holtaskóla mættu á fundinn og kynntu ART þjálfun.

ART stendur fyrir Aggression Replacement Training. ART er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að kenna leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Nemendur þjálfast í gegnum hlutverkaleik og búna er til líklegar aðstæður í mismunandi umhverfi og einstaklingum gefnir fleiri möguleikar á að geta notað færni í leik og starfi.

Í ART er unnið með þrjú þætti: félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund. Rannsóknir hafa sýnt fram á að með því að vinna samhliða með þessa þrjú þætti þá næst betri og varanlegri árangur.

Lýðheilsuráð hvetur til þess að ART-þjálfun (Aggression Replacement Training) verði innleidd í alla grunnskóla sveitarfélagsins. Ráðið leggur jafnframt til að settur verði teymisstjóri sem haldi utan um ART-kennslu í skólunum og tryggi samræmda framkvæmd.

Einnig er hvatt til þess að Reykjanesbær innleiði fjölskyldu-ART sem hluta af snemmtækum stuðningi við börn og fjölskyldur. Fjölskyldu-ART er áhrifaríkt úrræði sem getur leitt til betri samskipta innan fjölskyldna, styrkt foreldrahæfni og dregið úr þörf á frekari þjónustu innan félagskerfisins. Með því má grípa fyrir inn í mál og veita viðeigandi stuðning áður en vandamál vaxa.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir metnaðarfulla kynningu.

2. Viðburður Lýðheilsuráðs í tengslum við Mottumars (2025030140)

Lýðheilsuráð í samstarfi við 3N Þríþrautarfélag, Krabbameinsfélag Suðurnesja og Vatnaveröld stóðu fyrir viðburði til að minna á Mottumars en áherslan í ár er að vekja athygli á tengingu milli lífsstíls og krabbameins.

Lýðheilsuráð þakkar öllum sem lögðu hönd á plóg.

3. Vinnuskóli Reykjanesbæjar sumarið 2025 (2025030474)

Svala Rún Magnúsdóttir aðstoðarforstöðumaður Fjörheima og 88 hússins kynnti áherslur Vinnuskóla Reykjanesbæjar sumarið 2025 og fylgdi á eftir minnisblaði er varðar starfsemi Vinnuskólans.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir greinargóða kynningu og óskar stjórnendum og starfsfólki Vinnuskólans góðs gengis í sumar.

4. Skessuskokk á BAUN 2025 (2025030475)

Lýðheilsuráð minnir á Skessuskokkið á BAUN 2025 en Skessuskokkið fer fram laugardaginn 3. maí kl. 11.00.

5. Fundargerð Samtakahópsins (2025020056)

Fundargerðin lögð fram.

6. Forvarnardagur ungra ökumanna vor 2025 (2025030477)

Forvarnardagur ungra ökumanna er árlegur viðburður í Reykjanesbæ sem miðar að því að fræða unga ökumenn um mikilvægi umferðaröryggis og ábyrgðar í umferðinni. Á þessum degi taka þátt ýmsir aðilar, þar á meðal lögreglan, slökkviliðið, TM og nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í samstarfi við Reykjanesbæ. Viðburðurinn felur í sér kynningar, æfingar og umræður sem eiga að auka meðvitund ungra ökumanna um hættur í umferðinni og hvernig hægt er að forðast þær.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir mikilvægt og gott framtak.

7. Sumar í Reykjanesbæ 2025 (2025030473)

Hafþór Birgisson íprótta- og tómstundafulltrúi sagði frá vinnu við fristundir.is en nú stendur yfir vinna við að taka niður af vefnum þau íprótta- og tómstundatílbod sem hafa verið auglýst í vetur og hafin er vinna við að safna auglýsingum það sem verður í boði fyrir börn, ungmenni og fullorðna sumarið 2025.

Hægt er að senda inn auglýsingar um íprótta- og tómstundatílbod á netfangið sumar@reykjanesbaer.is fyrir 22. apríl n.k.

8. Könnun um hvatagreiðslur eldri borgara (2025010545)

Í kjölfar umræðu á 693. fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar um nýtingu hvatagreiðslna eldri borgara var ákveðið að senda stutta könnun til þeirra sem bjóða upp á íprótta- og/eða tómstundastarf fyrir eldri borgara.

Hafþór Birgisson íprótta- og tómstundafulltrúi fór yfir niðurstöðu könnunarinnar sem er í stuttu máli að almenn ánægja er með hvatagreiðslurnar og nýting eldri borgara á þeirri þjónustu sem boðið er upp á góð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:58